

L Ö G

um breyting á lögum nr. 70 27. júní 1921, um útflutningsgjald.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

1. gr. laga nr. 70 27. júní 1921 hljóði svo:

Af öllum íslenskum afurðum, öðrum en landbúnaðarafurðum, sem fluttar eru til útlanda, með þeim undantekningum, sem getið er um í 2. gr., skal greiða útflutningsgjald í ríkissjóð, er nemi 1½% af verði afurðanna.

Til íslenkra afurða telst afli, er skip, sem skrásett eru hér á landi, veiða, þótt hann sé veiddur utan landhelgi og eigi verkaður í landi.

2. gr.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, 2. gr., svo hljóðandi:

Af hverjum 100 kg. af síldarmjöli skal greiða í ríkissjóð kr. 1.00. Af hverjum 100 kg. af óþurrkuðum fiskúrgangi kr. 0.50. Af hverjum 100 kg. af síld, sem flutt er út óunnin til bræðslu, kr. 0.25. Af hverjum 100 kg. af fiskúrgangi, hausum og beinum, þurrkuðum og óunnum, kr. 3.00, þó þannig, að ef þessar afurðir eru skattlagðar með útflutningsgjaldi til bæjarsjóðs eða hafnarsjóðs, þá greiðist í ríkissjóð gjald, er nemur því, sem á vantar kr. 3.00 af 100 kg.

Brot úr tolleiningu, sem er ½ eða meira, telst heil tolleining, en minna broti skal sleppt.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

3. gr.

4. gr., sem verður 5. gr., hljóði svo:

Til afurða þeirra, er í 1. og 2. gr. getur, telst og afli skipa, er eigi eru skrásett hér á landi, sem verkaður er eða fluttur milli skipa í landhelgi eða á höfn-um inni, þótt veiddur sé utan landhelgi.

Hverskonar aðgerð á afla telst verkun, t. d. ef afli er saltaður, ísaður, slægður o. s. frv.

Til téðra afurða telst ennfremur afli hér við land af skipum, sem ekki eru skrásett hér á landi, en hafa þó rétt til að veiða og verka afla í landhelgi. Ríkisstjórninni er þó heimilt, ef hún telur það nauðsynlegt vegna gagn-

kvæmra viðskiptasamninga, að undanþiggja gjaldi þessu þau þessara skipa, **21**
sem ekki taka höfn hér á landi á því almanaksári, sem þau að einhverju ^{9. jan.}
leyti stunda veiðar á hér við land.

4. gr.

Eftir 10. gr., sem verður 11. gr., kemur ný grein, svo hljóðandi:

$\frac{1}{2}$ hluti tekna þeirra, er fást samkvæmt 1. gr. laga þessara, skal ganga
sem framlag rikissjóðs til ræktunarsjóðs Íslands, unz framlög rikissjóðs til
hans samkv. l. nr. 11 1925 og þessum lögum hafa numið samtals 1 millj. kr.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

Lög nr. 11 29. maí 1925, um breyting á l. nr. 70 1921, um útflutnings-
gjald o. fl.

Lög nr. 60 27. júní 1921, um útflutningsgjald á síld o. fl.

Lög nr. 15 14. júní 1929.

Lög nr. 52 8. sept. 1931, 1. gr.

Lög nr. 27 11. nóv. 1899, um útflutningsgjald af hvalafurðum.

Lög nr. 58 19. júní 1933, um breyting á l. nr. 70 1921.

Lög nr. 2 5. jan. 1934, um breyting á l. nr. 52 1931.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þá er þau hafa öðlazzt staðfesting kon-
ungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 70 27. júní 1921, og gefa þau út
að nýju svo breytt.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amalþuborg, 9. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.